

Mál nr. 160/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Raftækjatrýgging.

Gildissvið vátryggingar. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. maí 2023 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 25. maí 2023 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi keypt sér viðbótartryggingu með sjónvarpstæki sem hann keypti í mars á árinu 2021. Um var að ræða 58 tommu snjallsjónvarp. Vorið 2023 varð tjón á tækinu og er ekki deilt um það að bótaréttur sé í sjálfu sér til staðar. Hins vegar hafi M aðeins verið boðin endurgreiðsla kaupverðs hins ónýta tækis í formi inneignarnótu en hann telur sig eiga rétt á sambærilegu tæki, samkvæmt skilmálum tryggingarinnar. Vísar M í málskoti til þess að allar upplýsingar á vefsíðu viðkomandi verslunar og skilmálar umræddrar raftækjatrýggingar vísi til þess að hann eigi að fá nýtt eða sambærilegt sjónvarp. Fyrir nefndinni krefst hann þess að fá sambærilegt sjónvarp eins og skilmálar geri ráð fyrir.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi sent sjónvarpið í bilanagreiningu og hafi kostnaðaráætlun viðgerðar verið u.þ.b. 106.000 kr. Hinn 24. apríl 2023 hafi verslunin sem M keypti sjónvarpið af sent V tölvupóst um að til væri 55 tommu tæki og 65 tommu tæki en að 58 tommu tæki væri ekki til. Því hafi verið ómögulegt að bæta M tjónið með sambærilegu tæki. Er þá vísað til skilmála vátryggingarinnar en þar komi m.a. fram að tryggingin greiði sanngjarnan kostnað við viðgerð á vátryggðu tæki, eða sé það ekki hægt, með sambærilegu tæki. Þá áskilji V sér rétt til að ákveða hvort viðgerð fari fram eða hvort tækið skuli bætt með sambærilegu tæki. Þá komi fram í skilmálum að hámarksbætur séu sú fjárhæð sem tiltekin er á sölukvittun sem kaupverð hins vátryggða tækis og sé sambærilegt tæki ekki fáanlegt eða kaupverð þess hærra en hins vátryggða tækis skuli tjón gert upp með afhendingu inneignarnótu fyrir upphaflegu kaupverði. Í ljósi þessa hafi M verið bætt tjón sitt í fullu samræmi við skilmála.

Álit.

Með málskoti fylgdu ljósmyndir af skilmálum raftækjatrýggingarinnar. Kemur þar fram í gr. 10.1 að vátryggingin greiði sanngjarnan kostnað við viðgerð eða afhendi sambærilegt tæki geti viðgerð ekki farið fram. Það sé þá í höndum V að ákveða hvort viðgerð eða ný afhending fari fram. Í gr. 10. 2 segir svo að hámarksbætur sem vátryggingin greiði fyrir viðgerðir eða útskipti á tæki samkvæmt gr. 10.1 sé upphaflegt kaupverð hins vátryggða tækis. Í þeim tilfellum sem sambærilegt tæki er ekki fáanlegt hjá seljanda eða kaupverð slíks tækis er hærra en hins vátryggða tækis sé tjón gert upp með afhendingu inneignarnótu fyrir sömu fjárhæð.

Fallast verður á það með V að ómögulegt hafi verið að bæta tjón M með sambærilegu tæki þar sem það hafi ekki verið til hjá seljanda og að því komi gr. 10.2 til skoðunar. Á upphaflegri kaupnótu hins vátryggða tækis kemur þá fram að M hafi, hinn 2. mars 2021, greitt 87.995 kr. fyrir hið vátryggða tæki. Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi þegar fengið inneignarkort að fjárhæð 87.995 kr. hjá seljanda. Samkvæmt ákvæði 10.2 hefur hann því þegar fengið greiddar hámarksbætur og verður ekki annað séð en að afgreiðsla málsins af hálfu V hafi verið til samræmis við skilmála þess.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr raftækjatrýggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 5. júlí 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir